



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður & Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Tálknafjarðarhreppur
Strandgötu 38
460 Tálknafjörður

miðvikudagur, 6. mars 2024
MÍ202403-0029/ 6.09 / L.G.

Efni: Tálknafjarðarhreppur - deiliskipulag stofnana og íþróttasvæðis

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Tálknafjarðarhrepps þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulag vegna stofnana og íþróttasvæðis í gegnum Skipulagsgátt. Þar var hægt að nálgast rafræn skipulagsgögn dagsett 11.10.2023.

Deiliskipulagssvæðið er um 6,8 ha að stærð og er markmið skipulagsins að skilgreina lóðir fyrir skóla og þjónustusvæði auk bílastæða.

Athugasemdir Minjastofnun Íslands

Grundvöllur þess að hægt sé að meta deiliskipulag varðandi menningarminjar er að fyrir liggja skráðar upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki í sveitarfélaginu. Fornleifaskráning liggur ekki fyrir og því er ekki hægt að veita umsögn fyrr en að henni lokinni. Fornleifaskráningu þarf því að vinna innan deiliskipulagssvæðisins samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.

Deiliskipulag þarf að koma til umsagnar hjá stofnuninni að undangenginni skráningu menningarminja. Í kjölfarið getur stofnunin tekið afstöðu til skipulagsins út frá menningarminjum. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, hús og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllt,

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

